

Fyrirspurn

til umhverfis- og auðlindaráðherra um aðgerðir gegn útbreiðslu skógarkerfils.

Frá Höllu Signýju Kristjánsdóttur.

1. Hvar á landinu er unnið gegn útbreiðslu hinnar ágengu plöntu skógarkerfils og hverjir sinna því?
2. Hvaða aðferðum er beitt við að hefta útbreiðslu skógarkerfils eða eyða honum?
3. Hyggst ráðuneytið beita sér fyrir opinberri stefnu um samræmdar aðgerðir til að halda skógarkerfli í skefjum?

Skriflegt svar óskast.